

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1883  
komudagur 16.4.2004



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingis

Umsögn Strætó bs. um frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald ofl., 849. mál.

Við er til bréfs nefndarinnar dags. 6. apríl 2004, ósk um umsögn Strætó bs. varðandi frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald ofl., 849. mál.

Á undangengnum árum hefur Strætó bs., þar áður SVR, fengið til umsagnar áformaðar breytingar á þungaskatti og upptöku olíugjalds af gasolíu. Allt frá árinu 1995 hefur megináhersla í svörum verið að breyting yrði ekki til kostnaðarauka eða íþyngingar fyrir þjónustu strætisvagna.

Samkvæmt athugun hjá Strætó bs. bendir fjárhæð olíugjalds á hvern gasolíulíttra, eins og tilgreint er í 1. gr. fyrirbyggjandi frumvarpis, að teknu tilliti til endurgreiðslu sbr. 6. gr., að samþykkt frumvarpsins leiði til umtalsverðs kostnaðarauka fyrir strætisvagnþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Því til staðfestu er eftirfarandi skýring: Strætisvagnar aka um 8,5 milljón km. á höfuðborgarsvæðinu árlega og nota til þess um 4,1 milljón lítra af gasolíu. Greiddur þungaskattur vegna þessa er um 37,5 mkr. Kostnaður verður samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi um 68,5 mkr.

**Kostnaður hækkar þannig um 31 mkr. á ári eða um 83%, frá því sem nú er, sé frumvarpið samþykkt, eins og það liggur fyrir.**

Benda má á að til að koma í veg fyrir ofangreinda hækkun má hækka hlutfall endurgreiðslu sbr. 6 gr. svo og með lækkun upphæðar olíugjalds sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Það fyrirkomulag er nú til staðar að starfsemin er einungis krafín um þann hluta þungagjalds, sem það endanlega ber, þannig að veittur afsláttur er ekki krafín og því ekki endurgreiddur. Mikilvægt er að við upptöku nýs kerfis verði sama fyrirkomulag, þannig að fjárbinding starfseminnar aukist ekki frá því sem nú er.

**Það álit er ítrekað að umrædd breyting leiði ekki til kostnaðarauka fyrir starfsemi almenningsvagnþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða verði til íþyngingar á annan hátt, ma. með aukinni fjárbindingu í rekstri.**

14. apríl 2004.

F.h. Strætó bs.

*Hörður Gíslason*

Hörður Gíslason

Aðstoðarframkvæmdastjóri

Strætó bs.